

# Skattavakt PwC

## Fréttabréf Skatta- og lögfræðisviðs

Skattavaktin er mánaðarlegt fréttabréf PwC hf. þar sem sérfræðingar á Skatta- og lögfræðisviði félagsins skrifa um athyglisvert efni tengt skattarétti. Leitast er við að gera grein fyrir nýju efni, hvort sem um er að ræða dóma, lög, frumvörp, úrskurði eða stjórnvaldsákvarðanir.

## Efnisyfirlit

### Úrskurður yfirsattanefndar nr. 64/2010

Málið varðaði þá ákvörðun ársreikningaskrár að beita félög, sem ekki höfðu staðið skil á ársreikningi fyrir árið 2006 innan lögbundins frests, fjársektum.

### Ákvarðandi bréf RSK 10-003

Í bréfinu er birt það álit ríkisskattstjóra að vextir, sem myndast í viðskiptum milli tveggja erlendra aðila með íslenskar kröfur, séu ekki skattskyldir samkvæmt 8. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2003.



## Úrskurður yfirskattanefndar nr. 64/2010

Málið varðaði þá ákvörðun ársreikningaskrár að beita félög, sem ekki höfðu staðið skil á ársreikningi fyrir árið 2006 innan lögbundins frests, fjársektum.

Kærandi, sem var einkahlutafélag, mótmælti ákvörðun ársreikningaskrár að gera félaginu 250.000 kr. sekt vegna meintrar vanrækslu á að standa skil á ársreikningi til opinberrar birtingar. Yfirskattanefnd ómerkti sektarákvörðunina og úrskurðaði kæranda málskostnað úr ríkissjóði.

Í úrskurði yfirskattanefndar kom fram að ársreikningaskrá bæri að rökstyðja sektarákvarðanir sínar, enda væri um að ræða ákvörðun stjórnvaldssektar, þ.e. refsikenndra viðurlaga, og því sérstök þörf á rökstuðningi og vandaðri málsmeðferð að öðru leyti. Af gögnum málsins yrði ekki séð að hin umdeilda ákvörðun ársreikningaskrár um að leggja á kæranda fésekt hefði verið kynnt kæranda eða að ákvörðun eða úrskurði ársreikningaskrár þar að lútandi hefði verið beint til félagsins. Þar sem hin kærða ákvörðun ársreikningaskrár var ekki talin uppfylla þær kröfur sem gera yrði til forms og efnis slíkra stjórnvaldsákvarðana og rökstuðningur skrárinnar fyrir sektarákvörðuninni var ekki talinn uppfylla lagakröfur sem gera yrði til rökstuðnings slíkra ákvarðana var fésektarákvörðun ársreikningaskrár felld úr gildi.

Í úrskurði yfirskattanefndar var ekki tekin nein efnisleg afstaða til ágreiningsefnis málsins að öðru leyti.



## Ákvarðandi bréf RSK 10-003

Ríkisskattstjóra barst á dögnum fyrirspurn sem laut að túlkun á 8. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Fyrirspyrjandi óskaði eftir að ríkisskattstjóri staðfesti eftirfarandi túlkun á framangreindu ákvæði tekjuskattslaga:

*„Ef um er að ræða sölu kröfu, og íslenskur aðili er skuldari, frá einum aðila til annars erlends aðila þar sem sá fyrrnefndi hagnast þá telst slíkur hagnaður ekki skattskyldur á Íslandi á grundvelli 3. gr. laga nr. 90/2003, sbr. og 8. tölul. 3. gr.“*

Í bréfi ríkisskattstjóra er bent á að ákvæði 8. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt kveði á um að þeim aðilum, sem hafa vaxtatekjur hér á landi af tilteknum eignum, beri að greiða tekjuskatt af þeim vöxtum. Nánar tiltekið er ákvæðið svohljóðandi:

*„Allir aðilar sem hafa vaxtatekjur hér á landi af bankainnstæðum, verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum, skuldabréfum eða öðrum kröfum og fjármálagerningum, sbr. 3. tölul. C-liðar 7. gr., skulu greiða tekjuskatt af þeim tekjum. Ákvæði þetta gildir þó hvorki um vexti sem greiddir eru af Seðlabanka Íslands í eigin nafni né þá vexti sem greiðast erlendum ríkjum, alþjóðastofnunum eða öðrum opinberum aðilum sem undanþegnir eru skattskyldu í heimilisfestarríki sínu. Ákvæðið á ekki við kveðið tvísköttunarsamningur sem Ísland hefur gert við erlent ríki á um að ekki skuli haldið eftir afdráttarskatti af vöxtum. Fjármálaráðherra er heimilt að setja reglugerð er kveður nánar á um framkvæmd þessa ákvæðis.“*

Til svars við fyrirspurninni bendir ríkisskattstjóri á að framangreint ákvæði hafi verið lögfest með 6. gr. laga nr. 70/2009, um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Í athugasemdum með 6 gr. í því frumvarpi sem varð að lögum nr. 70/2009 hafi eftirfarandi komið fram:

*„Hér er lagt til að aðilar með heimilisfesti og skattskyldu utan Íslands beri hér á landi takmarkaða skattskyldu vegna vaxta sem þeir fá greidda af bankareikningum, verðbréfa- og fjárfestingasjóðum, skuldabréfum og öðrum kröfum og fjármálagerningum hér á landi. Ákvæðið á við um þá vexti sem íslenskir skattaðilar greiða erlendum aðilum.“*

Með vísan til framangreinds er það álit ríkisskattstjóra að vextir sem myndast við kaup og sölu á íslenskum kröfum milli tveggja erlendra aðila, þ.e. aðila sem ekki bera hér á landi fulla og ótakmarkaða skattskyldu skv. 1. eða 2. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, séu ekki skattskyldir samkvæmt 8. tölul. 3. gr. áður greindra laga og þar af leiðandi beri ekki að halda eftir staðgreiðslu skv. lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

## Skatta- og lögfræðisvið PricewaterhouseCoopers

Við hjá Skatta- og lögfræðisviði bjóðum upp á margs konar þjónustu,  
þar með talið ráðgjöf varðandi:

Alþjóðlega skattaráðgjöf · Milliverðlagningu („Transfer pricing“) · Skattlagningu rekstraraðila  
Skattlagningu einstaklinga · Virðisaukaskatt · Félagarétt · Samruna, skiptingar og yfirtökur

Starfsmenn sviðsins hafa mikla reynslu og yfirgripsmikla þekkingu á sviði skatta- og  
Félagaréttar og veita viðskiptavinum aðstoð og ráðgjöf varðandi lögfræðileg álitaefni  
sem skapast innanlands sem og erlendis.


Til að fá frekari upplýsingar um starfsemina er hægt að hafa samband við eftirfarandi starfsmenn:

Ábyrgðarmaður:  
Elín Árnadóttir  
sviðsstjóri Skatta- og lögfræðisviðs  
Sími: +354 550 5322  
elin.arnadottir@is.pwc.com

Ritstjóri:  
Ásta Kristjánsdóttir  
ráðgjafi/lögfræðingur  
Sími: +354 550 5352  
asta.kristjansdottir@is.pwc.com

Þessi samantekt felur ekki í sér ráðgjöf af neinu tagi. Ekki ætti að hafast samkvæmt  
vefriti án þess að fá sérfræðilega ráðgjöf. PricewaterhouseCoopers hf.,  
PricewaterhouseCoopers LLP, hluthafar, starfsmenn og umboðsaðilar bera ekki  
ábyrgð á upplýsingum sem gefnar eru í þessu vefriti eða aðgerðum sem  
framkvæmdar  
eru af hálfu annarra aðila á grundvelli þessara upplýsinga.

©2009 PricewaterhouseCoopers hf. Allur réttur áskilinn. "PricewaterhouseCoopers"  
visar til PricewaterhouseCoopers hf. á Íslandi, nema ráða megi af samhengi eða  
beinum tilvísunum að vísað sé í önnur fyrirtæki í samstæðu PricewaterhouseCoopers  
International Limited sem öll eru lagalega sjálfstæðar einingar.



Skógarhlíð 12 · 105 Reykjavík  
sími 550 5300 · fax 550 5302  
www.pwc.com/is